

Skrifstofa Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. júní 2022
E-2022-209/00.11

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana og lögum um loftslagsmál (geymsla koldíoxíðs)

Umhverfis- og samgöngunefnd hefur óskað eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana og lögum um loftslagsmál um geymslu koldíoxíðs, mál nr. 699. Frumvarpið tengist innleiðingu tilskipunar 2009/31/EB um geymslu koldíoxíðs í jörðu en ákvæði þeirrar tilskipunar voru innleidd með lögum nr. 12/2021 sem samþykkt voru á Alþingi vorið 2021. Landsvirkjun hefur kynnt sér efni draganna og þakkar tækifærið til umsagnar.

Fyrirtækið styður þær breytingar sem frumvarpið kveður á um og telur að þær orðalagsbreytingar sem lagðar eru til tryggi betur samræmi milli íslenskra laga og regluverks Evrópusambandsins.

Fyrirtækið hefur á fyrri stigum innleiðingar umræddrar Evróputilskipunar lagt fram umsagnir og leggur áfram áherslu á að sá eðlismunur, sem er á svokölluðu „injection“ og „re-injection“, sé viðurkenndur á skýran hátt í tengdum reglugerðum. Mikilvægt er að ekki sé hægt að túlka tengdar reglugerðir á þann hátt að lagðar séu íþyngjandi kröfur á hefðbundna jarðvarmavinnslu á Íslandi.

Landsvirkjun ítrekar, eins og komið hefur fram í fyrr umsögnum, þann skilning fyrirtækisins að um sé að ræða innleiðingu á ramma utan um niðurdælingu (e. injection) koldíoxíðs til geymslu í önnur jarðlög en það kom úr. Að mati Landsvirkjunar eigi tilskipunin því **ekki** við um þau tilvik þegar koldíoxíði er dælt strax aftur niður (e. re-injection) í jarðlög þaðan sem það kom þ.e. aftur í sitt náttúrulega umhverfi eins og á við um jarðhitavinnslu á Íslandi.

Þessu til áréttingar má vísa beint í inngangskafla tilskipunarinnar, tölulið (4) en þar er föngun koldíoxíðs og geymsla í jarðlögum (e. Carbon dioxide capture and geological storage, CCS) skilgreind með eftirfarandi hætti:

„Carbon dioxide capture and geological storage (CCS) is a bridging technology that will contribute to mitigating climate change. It consists of the capture of carbon dioxide (CO₂) from industrial installations, its transport to a storage site and its injection into a suitable underground geological formation for the purposes of permanent storage. This technology should not serve as an incentive to increase the share of fossil fuel power plants. Its development should not lead to a reduction of efforts to support energy saving policies, renewable energies, and other safe and sustainable low carbon technologies, both in research and financial terms.“


Landsvirkjun skilur ofangreinda skilgreiningu á þann hátt en að hér sé átt við geymslu á koldíoxíði frá iðnaði en að slík þróun eigi ekki að valda íþyngjandi kvöðum fyrir nýtingu



endurnýjanlega orkugjafa, líkt og jarðhitánytingu. Því er það skilningur Landsvirkjunar að hugtakið geymsla eða storage geti ekki átt við um niðurdælingu jarðhitagass aftur í sitt náttúrulega umhverfi.

Eðlilegt er að leyfi fyrir því að skila koldíoxíði frá jarðvarmavirkjunum aftur ofan í jarðhitageyminn fylgi skilyrðum í nýtingarleyfi jarðvarmavirkjana og að vöktun og eftirlit vegna slíkrar starfsemi verði í samræmi aðra vöktun tengda slíkri starfsemi, svo sem niðurdælingu á affallsvatni aftur ofan í jarðhitageyminn.

Virðingarfyllt,



Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri